

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS- OG BÚSTAÐA

Ár 2016, mánudaginn 21. nóvember kl.16.00 var haldinn 149. fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í Víkingsheimilinu, Víkinni í Fossvogi. Viðstödd voru Dóra Magnúsdóttir formaður, Jóhann Björnsson (varamaður Eyrúnar Eypórsdóttur) Sigurður Eggertsson, Elínóra I. Sigurðardóttir og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvarinnar og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar PLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á lýðheilsuvísunum eftir hverfum.

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir sviðsstjóri hjá Embætti landlæknis tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- kl. 16.45 viku Dóra Guðrún af fundinum

2. Lögð fram verklýsing umhverfs- og skipulagssviðs, bréf dags. 8. nóvember um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Hverfisráðið gerir ekki athugasemdir við verklýsinguna.

3. Lagt fram yfirlit yfir styrkumsóknir sem borist hafa hverfisráði Háaleitis- og Bústaða.

Samþykkt að veita Háaleitsskóla styrk að upphæð kr.200.000 og Félagsmiðstöðinni Tónabæ kr. 60.000. Öðrum styrkumsóknum er hafnað.

4. Fram fer kynning á starfsemi íþróttafélagsins Víkings

Fannar Helgi íþróttastjóri Víkings tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Fram fer kynningu á niðurstöðum kosninga í hverfið mitt.

Kosningu lauk 17. nóvember. Þátttaka í hverfinu var 8.7% og hlutu 12 verkefni af 20 brautargengi.

- kl. 17.35 viku Elínóra I. Sigurðardóttir af fundinum.

6. Fram fer kynning á verkefninu „Vitjanir 90+“ í Bústaðasókn.

7. Fram fer kynning á samráðsvettvangi foreldrafélaga grunnskólanna í hverfinu, en áætlað er að halda sameiginlega fræðslu eftir áramótin undir umsjón starfsfólks þjónustumiðstöðvarinnar.

8. Lögð fram skýrsla innri endurskoðunar um þjónustumiðstöðvar og hverfisráð.

Fundi slitið kl.18.00

Dóra Magnúsdóttir

Jóhann Björnsson
Sigurður Eggertsson

Elínóra I. Sigurðardóttir